



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Bæjarráð
Hafnarstræti 1
400 ÍSAFJÖRÐUR

Ísafjörður, 19. janúar 2018
2018010070 BBJ

Efni: Fjölplogur fyrir þjónustumiðstöð Ísafjarðarbæjar.

Snjótönn sem verið hefur í notkun í Áhaldahúsi Ísafjarðarbæjar til fjölda ára skemmdist illa við snjómokstur í Hnífsdal 15. janúar 2018. Áætlaður viðgerðarkostnaður hjá Vélsmiðju Þrastar Marzellíussonar ehf. er um 500.000,- kr. Nýr fjölplogur sem kæmi í stað umræddrar snjótannar kostar 1.200.000,- kr. Fjölplogur sem þessi nýtist mun betur en föst tönn og hefur t.d. þann kost að gefa eftir lendi hann á fyrirstöðu svo sem kantsteinum.

Undirritaður leggur til að gerður verði viðauki við fjárfestingaáætlun 2018 og 1.200.000,- kr. tekið af liðnum „Annað ófyrirséð“ sem lækkar þá úr 40.000.000,- kr. í 38.800.000,- kr. og keyptur nýr fjölplogur fyrir þjónustumiðstöð Ísafjarðarbæjar.

Virðingarfyllst,

Brynjar Þór Jónasson

- sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs -